

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÁB, BJ, BFB).

1. Við 9. gr. Við greinina bætist:

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta samkv. lögum þessum með útgáfu bæklinga og annarri upplýsingastarfsemi.
2. Við 11. gr.
  - a. 2. málsg. orðist svo:

Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:

Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar ..	kr. 129 676.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 71 árs aldri eða síðar ..	— 116 311.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 70 ára aldri eða síðar ..	— 103 646.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 69 ára aldri eða síðar ..	— 93 957.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 68 ára aldri eða síðar ..	— 84 216.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 67 ára aldri eða síðar ..	— 78 120.00
  - b. Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú nýtur kvæntur eða giftur lífeyrisþegi, sem orðinn er 70 ára, aðeins lífeyris eftir þessum lögum og hefur óverulegar vinnutekjur eða engar, og skal hann þá taka lífeyri, sem svarar til fulls hjónalífeyris, þótt maki hafi ekki náð 67 ára aldri, enda hafi maki ekki vinnutekjur sem neinu nemur.
3. Við 12. gr. Í stað „kr. 70 560.00“ í síðustu málsg. komi: kr. 78 120.00.
4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Einstætt foreldri, sem hefur eitt eða fleiri barna sinna á framfæri og lögheimili á hér á landi, skal hljóta árlega greiðslu fyrir hvert barn, kr. 22 400.00. Ákvæði þetta skal ná til fósturmæðra eða fósturfeðra.
5. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist:

Ákvæði greinar þessarar ná einnig til ekkils.
6. Við 19. gr.
  - a. Í stað „kr. 84 000.00“ í 2. málsg. komi: kr. 125 000.00.
  - b. Við 2. málsg. bætist:

Nú nýtur elli- eða örorkulífeyrisþegi bóta samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, og skulu þau laun hans þá ekki skerða rétt hans til framangreindrar hækkunar.
  - c. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Viðbótarlífeyri, sem nemi fullum einstaklingsellilífeyri, er heimilt að greiða hjónum, sem orðin eru 70 ára að aldri, en hafa óverulegar tekjur eða engar og eru ekki félagar í lífeyrissjóði.
7. Við 23. gr. Aftan við 1. málsg. bætist:

Nemendur 17—20 ára, sem stunda nám eigi skemur en 6 mánuði á ári, eru einnig undanþegnir gjaldskyldu.
8. Við 34. gr. Aftan við 4. málsg. bætist:

Nú hafa örorkubætur verið greiddar í eitt skipti fyrir öll samkv. heimild þessarar greinar, og á þá hlutaðeigandi rétt á verðbótum á slíka greiðslu á 10 ára fresti, og skal verðbótin vera í réttu hlutfalli við breytingar á upphæð örorkubóta síðustu 10 árin.
9. Við 46. gr. Aftan við greinina bætist:

Nú er hérað sjúkrahúss- og læknilaust, og skal þá Tryggingastofnun ríkisins greiða nauðsynlegan ferðakostnað fyrir sjúklinga og barnshafandi konur.
10. Við 49. gr. Í stað „250%“ í 1. málsg. komi: 260%.

11. Við 78. gr.
  - a. Í stað „6 mánaða“ í 1. málgr. komi: 3 mánaða.
  - b. Við greinina bætist:  
Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar í stað.
12. Við ákvæði til bráðabirgða:
  - a. Í stað orðanna „helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt“ í 2. tölulið komi:  $\frac{1}{4}$  hluti hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, — og í stað „helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags“ í sama tölulið komi:  $\frac{3}{4}$  hlutar skulu ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags.
  - b. Við ákvæðin bætist nýr töluliður, svofelldur:  
Þegar eftir samþykkt laga þessara skal skipuð milliþinganefnd, er falið sé það hlutverk að framkvæma heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Sameinað Alþingi skal kjósa 2 menn í nefndina, en hver þingflokka skipa í hana einn fulltrúa. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi hinna kjörnu.